

GJALDSKRÁ 2019 fyrir kattahald í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Við skráningu kattar skal greiða skráningargjald kr. 2.850,- Fyrstu 6 mánuði frá staðfestingu gjaldskrár þessarar er skráningin gjaldfrí.

2. gr.

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna kattar kr. 5.696,- Gjaldið á að standa undir kostnaði vegna ormahreinsunar ef framvísað er staðfestingu á að ormahreinsun hafi verið framkvæmd lækkar gjaldið um 50%.

3. gr.

Af köttum sem handsamaðir eru og fluttir í gæludýrageymslu Dalvíkurbyggðar samkvæmt 12. gr. samþykktar um kattahald í Dalvíkurbyggð nr. 17/2013 skal greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald samkvæmt gjaldskrá þessari. Ef köttur er ekki örmerktur samkvæmt 8. gr. sömu samþykktar ber einnig að greiða þann kostnað gegn beiðni til dýralækna sem framkvæma slíkt.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðar kattar ber að innheimta kr. 5.696,- vegna handsömunar og kr. 900,- fyrir hvern dag sem köttur er vistaður í kattageymslu fyrir fóður og vistun. Gjald fyrir örmerkingu kattar fer eftir gjaldskrá viðkomandi dýralækni hverju sinni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við neysluvísitölu, grunnur 1988, september 2016 (438,5 stig) sem uppreiknast í september ár hvert miðað við gildandi neyslurvísitölu.



DALVÍKURBYGGÐ

Samþykkt í landbúnaðarráði Dalvíkurbyggðar 4. september 2018
Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 18. desember 2018

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2019